



LEIKFÉLAG AKUREYRAR OG
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORDURLANDS

KYNNA FJÖLSKYLDUSÖNGLEIKINN

BENEDIKT BÚALFUR

EFTIR
ÓLAF GUNNAR GUÐLAUGSSON
OG TÓNLIST EFTIR
ÞORVALD BJARNA ÞORVALDSSON

FRUMSÝNT Í SAMKOMUHÚSINU Í MARS 2021

MARTA NORDAL



Sjaldan hefur verið jafn gleðilegt að frumsýna og um þessar mundir. Leikhúsin eru loksins vöknuð úr dvala eftir að hafa legið í hýði í marga mánuði og opna nú með eftirvæntingu dyr sínar fyrir smáum og stórum.

Sagan af Benedikt búálfi eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson hefur unnið hug og hjörtu nokkurra kynslóða barna allt frá því að hún kom fyrst út árið 1999. Síðar rataði sagan á svið sem barnasöngleikur í leikstjórn Gunnars Gunnsteinssonar með frumsaminni tónlist eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson. Sló sú sýning rækilega í gegn eins og við flest þekkjum og lifir enn. Benedikt búálfur er fyrir löngu orðið klassískt barnaverk enda hefur það að geyma allt sem prýðir góðan barnasöngleik, sterka og hjartnæma sögu, litríkar persónur og dásamlega og

grípandi tónlist. Og nú öllum þessum árum síðar stígur Benedikt á svið hér á Akureyri til að gleðja leikhús gesti og endurnýja kynnin við okkur og ég fullyrði að hann á eftir margar endurkomur í framtíðinni.

Það hefur verið markmið okkar hjá Leikfélagi Akureyrar að bjóða börnum uppá metnaðarfullar sýningar á íslenskum verkum og rækta þar með framtíðaráhorfendur og íslenska höfunda. Benedikt búálfur er enn ein rósinn í þá flóru. Barnaleikhús er eitt mikilvægasta grasrótarstarf sem leikhús getur unnið enda framtíð leikhússins að einhverju leyti undir því komin hversu vel við ræktum okkar yngstu áhorfendur. Mörg okkar eiga sterkar minningar úr leikhúsi sem börn, neisti sem kviknar og lifir með okkur fram á fullorðinsár og tengir okkur órjúfanleg-

um böndum við leikhúsið. Það er þessi tenging sem við viljum styrkja og byggja á. Og við viljum gera það vel. Börnin okkar eiga það skilið.

Kæri leikhús gestur við bjóðum þér að að stíga inní álfanna heim og kynnast litríkum ævintýrum Benedikts búálfs og Dídíar mannabarns. Gleyma stund og stað og leyfa töfrum leikhússins að heilla þig um stund. Í leikhúsinu komum við saman í tíma og rúmi og sjaldan hefur það verið þýðingarmeira en akkúrat núna. Hér upplifum við list augnabliksins. Hér getum við opnað huga okkar og hjarta. Horfið inní annan heim, notið, hrifist og leyft okkur að vera barn, að minnsta kosti um stund.

Marta Nordal leikhússtjóri

LEIKARAR

Árni Beinteinn útskrifaðist úr leiklistarnámi við Listaháskóla Íslands árið 2018. Sem barn og unglingur lék hann í fjölmörgum verkefnum á sviði bæði í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu, lék í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og útvarpsleikritum, söng inn á plötur og kom fram í sjónvarpinu. Eftir útskrift frá Listaháskólanum hefur Árni Beinteinn tekið þátt í alls konar uppfærslum og fjölbreyttum verkefnum. Hann lék meðal annars yfir 100 sýningar með Lottu árið 2019 þar sem hann fór með hlutverk Úlfsins í Rauðhettu og í söngleiknum Vorið vaknar sem leikfélag Akureyrar setti upp síðasta vor. Árni hefur undanfarin ár talsett mikið af sjónvarps efni og bíómyndum og hefur lesið fjöldann allan af hljóðbókum sem meðal annars má hlusta á hjá Storytel. Á þessu leikári hefur Árni Beinteinn meðal annars verið að leika í sviðslistaverkinu Tæringu og grínsýningunni Fullorðin.

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir útskrifaðist af leikarabraut Listaháskóla Íslands vorið 2019. Ferill hennar hófst snemma og tók hún þátt í hinum ýmsu uppfærslum á sínum yngri árum m.a. í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Þá hefur hún starfað við tónlist sem söngkona m.a. sem meðlimur í hljómsveitinni Reykjavíkurdætrum en þær hafa komið fram á stærstu tónlistarhátiðum heims undanfarin ár. Þórdís hefur talað inn á fjöldann allan af teiknimyndum og barnaefni og lék meðal annars Önnu í Frozen I og II og Poppy í Trolls. Auk þess hefur hún lesið hljóðbækur hjá Storytel og fengið Íslensku Hljóðbókarverðlaunin fyrir lestur sinn. Hún fór með hlutverk Wendlu í Söngleiknum Vorið Vaknar hjá Leikfélagi Akureyrar sem var sett upp árið 2020.

Birna Pétursdóttir lauk BA námi í leiklist frá Rose Bruford College í London 2012. Birna lék hjá Leikfélagi Akureyrar veturinn 2018/19 í sýningunum Kabarett, Gallsteinar afa Gissa og Djákninn á Myrká. Á þessu leikári lék Birna í verkinu Tæring og gamanleiknum Fullorðin þar sem hún er einnig ein höfundar. Birna er jafnframt ein stofnendur leikhópsins Umskiptinga. Umskiptingar hafa sett upp tvö frumsamin verk; Framhjá rauða húsinu og Galdragáttin, sem bæði hlutu Grímutilnefningu. Utan leikhússins hefur Birna starfað mikið í dagskrárgerð fyrir sjónvarp, meðal annars var hún ein umsjónarmanna Landans og stýrði og framleiddi heimildapættina Í góðri trú sem sýndir voru á RÚV 2020. Þá er Birna einn þáttastjórnendur í hlaðvarpinu Dómsdagur.



Björgvin Franz Gíslason útskrifaðist úr Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2001 með BFA í leiklist. Sama vor landaði hann titilhlutverkinu í söngleiknum Hedwig og Reiða restin hjá Leikfélagi Íslands og ári síðar hlutverki Benedikts Búálfs hjá Draumasmiðjunni. Frá 2002 til 2006 starfaði Björgvin hjá Þjóðleikhúsinu og lék meðal annars í sýningunum Halti Billi, Allir á svið, Dýrin í Hálsaskógi og Ríkharður III. Árið 2011 lék hann svo í söngleiknum Buddy Holly hjá Senu. Hann starfaði um árabil sem veislustjóri, kynnir, töframaður og eftirherma fyrir hin ýmsu fyrirtæki, skóla og bæjarhátíðir víðsvegar um landið. Hann skrifaði og lék í Jólaævintýri Smáralindar þrjú ár í röð samt Erni Árnasyni og Sigríði Beinteinsdóttur. Björgvin var einnig fastráðinn hjá Stúdíó Sýrlandi um árabil við að talsetja teiknimyndir, ásamt því að vera þýðandi

og að kenna talsetningu. Árið 2008 tók hann við sem umsjónarmaður Stundarinnar Okkar og var samfellt í þrjá vetur, eða fram á vorið 2011 þegar Stundin vann Edduna fyrir besta barnaefnið. Björgvin tók til starfa hjá Borgarleikhúsinu árið 2017 og frumsýndi söngleikinn Elly það sama ár. Árið 2018 tók hann svo við barnasýningunni Jólaflækja sem Bergur Ingólfsson skrifaði og leikstýrði. Árið eftir lék hann svo hina illgjörnu skólastýru í Matthildi frá 2019 til 2020. Björgvin þreytti svo frumraun sína sem leikskáld og leikstjóri í barnaleiksýningunni Flóttinn frá Nótnaheimum sem hann skrifaði ásamt Ólafi Reyni Guðmundssyni haustið 2018. Björgvin leikur nú í fyrsta sinn hjá Leikfélagi Akureyrar, að framtalinni leikferð sem hann fór með foreldrum sínum með grínleikritið NÖRD árið 1988.

Valgerður Guðnadóttir útskrifaðist frá The Guildhall School of Music and Drama í London árið 2000. Áður hafði hún lokið 8. stigi í söng frá Söngskólanum í Reykjavík hjá Ólöfu K. Harðardóttur. Valgerður hóf feril sinn sem María Magdalena í Jesus Christ Superstar í Verzlunarskólanum og í kjölfarið fór hún með hlutverk Maríu í West Side Story í Þjóðleikhúsinu 18 ára gömul. Síðan þá hefur hún leikið og sungið á ólíkum vettvangi, t.d. hjá Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu, Íslensku Óperunni, Gaflaraleikhúsinu og nú í fyrsta sinn hjá Leikfélagi Akureyrar. Valgerður lék hlutverk Mömmu klikk í samnefndu leikriti sem sýnt var í Gaflaraleikhúsinu við miklar vinsældir. Hún lék hlutverk Maríu í Söngvaseið í Borgarleikhúsinu en fyrir það hlaut hún Grímuna sem Söngvari ársins árið 2009. Á meðal annarra hlutverka eru Janet



í Rocky Horror, Christine Daaé í The Phantom of the Opera, Fantine í Vesalingunum, Linda í Gauragangi, Papagena í Töfraflautunni og Mercedes í Carmen. Hún hefur leikið í fjölda barnaleikrita eins og t.d. Leitinni að jólnum, Hafinu bláa, Björt í sumarhúsi og Benedikt Búálfi. Valgerður hefur þrisvar verið tilnefnd til Grímunnar og tvisvar til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hún hefur komið víða fram sem einsöngvari t.d. með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfonia Nord, léð Disney persónum eins og Pocahontas og Litlu Hafmeyjunni rödd sína, leikið í auglýsingum og sjónvarpi og sungið inn á fjölda hljómplatna og geisladiska. Á meðal næstu hlutverka Valgerðar er hlutverk Melinu Cappuccio í Framúrskarandi Vinkonu hjá Þjóðleikhúsinu í desember 2021.

Kristinn Óli S. Haraldsson hefur skapað sér gott orð sem tónlistarmaður undir nafninu Króli. Hann steig fram á sjónarsviðið árið 2017 með félaga sínum JóaPé þegar lagið þeirra B.O.B.A sló í gegn. Kristinn Óli hefur komið víða við í list sinni. Hann tók þátt í uppsetningu Þjóðleikhússins á sýningunum Óvitar og Fjalla Eyvindur og Halla, í söngleiknum We Will Rock You í Háskólabíó og lék í kvikmyndinni Agnes Joy. Kristinn Óli hefur gefið út fimm plötur en platan Afsakið hlé var mest selda plata ársins 2018. Hann hefur auk þess fimm sinnum hlotið Hlustendaverðlaunin og þrisvar sinnum fengið Íslensku tónlistarverðlaunin. Að auki var Kristinn Óli Ræðumaður Íslands 2018 og sigurvegari Morfis árið 2017.

Hjalti Rúnar byrjaði ungur að árum að leika, fyrst í Loftkastalanum í Bugsy Malone og síðan í Pétri Pan hjá Borgarleikhúsinu. Stuttu seinna hóf hann störf hjá Leikfélagi Akureyrar og lék þar í Óvitum, Lilju, Rocky Horror og nú síðast í Kabarett árið 2018. Einnig hefur Hjalti komið að fjölda sjálfstæðra leiksýninga, bæði sem höfundur og leikari, auk þess að starfa við Þjóðleikhúsið. Hann hlaut tilnefningu til Grímuverðlauna fyrir leik sinn í Galdragáttinni hjá leikhópnum Umskiptingar og hann var einnig tilnefndur til Eddunnar fyrir leik sinn í kvikmyndinni Ikingut en Hjalti hefur leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþáttaraða frá unga aldri. Þá hefur hann unnið við Útvarpsleikhúsið og sinnt talsetningu til margra ára. Hjalti útskrifaðist með BA-gráðu frá leikarabraut Listaháskóla Íslands haustið 2016.

LEIKARAR

Benedikt búálfur	Árni Beinteinn Árnason
Dídí mannabarn	Þórdís Björk Þorfinnsdóttir
Daði dreki	Birna Pétursdóttir
Kóngurinn og Hlynur	Björgvin Franz Gíslason
Drottningin	Valgerður Guðnadóttir
Tóti tannálfur	Kristinn Óli Haraldsson
Sölvar súri og Jósafat mannahrellir	Hjalti Rúnar Jónsson

Rödd viskubrunns
Vilhjálmur B. Bragason

DANSARAR

Berglind Eva Ágústsdóttir
Elfa Rún Karlsdóttir
Molly Carol Birna Mitchell
Helga Ólafsdóttir







LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

Höfundur

Ólafur Gunnar Guðlaugsson

Ólafur Gunnar hefur starfað sem grafískur hönnuður í rúmlega 30 ár en hann útskrifaðist úr The Art Institute of Fort Lauderdale árið 1988. Á ferli sínum hefur Ólafur komið víða að; hann hefur hannað fjöldan allan af dagblöðum, tímaritum og bókum, hefur búið til öpp og unnið við nánast allt sem við kemur auglýsingagerð. Ólafur hefur skrifað og myndskreytt 9 bækur um Benedikt búálf og vini hans í Álfheimum, en fyrsta bókin kom út árið 1999. Barnaleikritið Benedikt búálfur var skrifað árið 2000. Þessa dagana er Ólafur að skrifa príleik fyrir unglunga en fyrsta bókin kemur út næstu jól 2021. Og ef einhver vildi vita ... þá er nýtt leikrit um Benedikt og félagi á leiðinni.

Höfundur tónlistar og tónlistarstjórn

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónskáld, gítarleikari og upptökustjóri, hefur frá táningsaldri fengist við tónsmíðar og tónlistarstjórn í leikhúsum og kvikmyndum sem og á hljómplötum. Hann er stofnandi og lagahöfundur hljómsveitarinnar Todmobile og hefur gefið út með henni tíu hljómplötur. Eftir hann liggur tónlist við átta söngleiki sem allir hafa verið settir upp í atvinnuleikhúsum. Þar má nefna Ávaxtakörfuna, Gulleyjuna, Gosa og Gallsteina Afa Gissa. Hann hefur auk þess að stjórnað tugum söngleikja í leikhúsum landsins, þar á meðal Vesalingunum, Evitu, Phantom of the Opera, Kabarett, Hárinu og Spamalot. Hann hefur samið fjölda tónverka fyrir sinfóníuhljómsveitir og aðra hljóðfærahópa og dægurlög fyrir

fjölda listamanna. Hann hefur tvívegis hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og mörgum sinnum verið tilnefndur til Grímuverðlauna. Hann er núverandi framkvæmdastjóri kvikmynda-tónlistarverkefnisins SinfoniaNord í Hofi og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, sem lék inn á undirspil sýningarinnar Benedikt Búálfur.

Leikgerð og söngtextar

Karl Ágúst Úlfsson

Karl Ágúst Úlfsson hefur starfað sem leikari, leikstjóri, leikskáld og handritshöfundur bæði austan hafs og vestan. Hann útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands 1981 og lauk meistaranámi í leikritun við Ohio University 1994. Auk þess að skrifa sjónvarpshandrit Spaugstofunnar hefur Karl sent frá sér verk af ýmsum toga, til dæmis



leikritin Í hvítu myrkri, Stóllinn hans afa, Harry og Heimir - Með öðrum morðum, Laddi lengir lífið, Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans, Ættarlaukur, Ómerktur ópus í C-moll, Boðið upp í morð, Stundum koma þeir aftur, The Guarding Angel, A Guy Named Al, Body Parts, The Iceman Is Here og söngleikina Fagra veröld, Ó, þessi þjóð!, Ég er útvarpstæki, Sólog Máni, Gosi, Umhverfis jörðina á 80 dögum, Reimt, Í skugga Sveins og Gosi - Ævintýri spýtustráks, en tvær síðastnefndu sýningarnar hlut Grímuverðlaun sem barnasýningar ársins. Leikfélag Akureyrar hefur áður sýnt tvo af fjölskyldusöngleikjum Karls, Gulleyjuna og Gallsteina afa Gissa. Á síðasta ári tók Karl við heiðursverðlaunum Eddunnar ásamt félögum sínum í Spaugstofunni, en áður hafði hann hlotið Íslensku menntaverðlaunin fyrir frumsamið námsefni. Eftir Karl liggja einnig smásagnasöfnin Aþena, Ohio og Átta sár á samviskunni, en skáldsaga hans Brúarsmiðir kemur út með vorinu.

Söngtextar

Andrea Gylfadóttir

Andrea Gylfadóttir á sér langan feril á sviði tónlistar- og leikhúsmenningar. Hún hefur stofnað og starfrækt fjölda hljómsveita og gefið út ótal hljómplötur. Andrea hefur einnig komið að 13 leikhús- og söngleikjauppfærslum, ýmist sem flytjandi í aðal- eða aukahlutverki, höfundur söngtexta eða tónlistar og sem tónlistar og/ eða leikstjóri. Andrea hefur unnið til fjölda tónlistarverðlauna fyrir söng, textagerð o.fl. Eftir hana liggja um 200 textar við eigin tónlist og annara.

Leikstjórn

Vala Fannell

Vala Fannell lærði bæði leiklist og leikstjórn í The Kogan Academy of Dramatic Arts í London

frá árunum 2009-2014. Eftir útskrift stofnaði hún sitt eigið fyrirtæki, StepbyStep Productions og framleiddi, leikstýrði og lék undir merkjum þess ásamt því að sinna öðrum verkefnum. Hún tók einning að sér kennslu hjá KADA þar sem hún kenndi bæði leiklist og leikstjórn til BA gráðu í fjögur ár. Hún kom fyrst heim að leikstýra árið 2016 þegar hún setti upp Konung Ljónanna með Leikfélagi Menntaskólans á Akureyri. 2018 fluttist hún aftur til Íslands og hóf störf sem leiklistarkennari unglingastigs Leiklistarskóla Leikfélags Akureyrar. Sumarið 2019 vann hún ásamt leikhópi og leikstýrði glænýju verki um líf unglinga, fml - fokk mæ læf, hjá Leikfélagi Akureyrar. Janúar 2020 starfaði hún sem aðstoðarmaður leikstjóra að sýningunni Vorið vaknar hjá LA sem og hún hóf störf hjá Menntaskólanum á Akureyri sem verkefnastjóri sviðslistabrautar þar sem hún byggði upp nýja kjörsviðsbrautar sem hún hóf kennslu við haustið 2020.



Danshöfundur

Lee Proud

Lee Proud er margverðlaunaður danshöfundur. Hér á landi hefur hann samið dansa fyrir Mary Poppins, Billy Elliot, Rocky Horror, Kabarett, Vorið vaknar og Mamma Mía. Hann hefur unnið að uppsetningum á Broadway, í Sydney, Tokyo, Melbourne, Los Angeles og Chicago sem og víðsvegar um Evrópu.

Leikmynd og búningar

Auður Ösp Guðmundsdóttir

Auður starfaði sem vöruhönnuður frá útskrift úr Listaháskólanum 2010 til ársins 2016 þegar hún söðlaði um og nam leikmynda- og búningahönnun við DAMU í Prag, sem er elsti leikmyndahönnunarskóli heims. Auður hefur verið viðloðandi Akureyri frá heimkomu. Hennar

fyrsta uppfærsla var Kabarett og hlaut hún Grímutilnefningu bæði í flokki búninga og í flokki leikmynda. Í framhaldinu gerði hún leikmynd og búninga fyrir Mutter Courage, sem var samstarfsverkefni Listaháskóla Íslands, Leikfélags Akureyrar og Þjóðleikhússins. Hún hannaði útlit, búninga og gervi fyrir barnaverkið Galdragáttina, sem sýnt var í Samkomuhúsinu árið 2019 og einnig verðlaunasöngleikinn Vorið vaknar sama leikár. Í haust sá hún um leikmynd og búninga fyrir leikverkið Tæringu sem sett var upp á Hælinu, setri um sögu berklanna, safni sem hún einnig hannaði í samstarfi við stofnanda þess. Ásamt því að gera leikmyndina fyrir gamanverkið Fullorðin sem er í sýningum í Hofi um þessar mundir. Nú er loks komið að Benedikt búálfi.

Ljósahönnun

Friðþjófur Þorsteinsson

Friðþjófur lauk grunnnámi í ljósahönnun við The Royal Central School of Speech and Drama árið 2009 og meistaranámi í sviðsmyndahönnun við Central St. Martin's College of Art and Design árið 2013. Í rúman áratug hefur hann búið í Bretlandi og auk starfa sinna þar hafa verk hans sést á Írlandi, í Evrópu, á Bermúdaeyjum, í Bandaríkjunum, í Suður Kóreu, Kína, Indlandi og víðar. Á Íslandi hefur hann einkum starfað með Frystiklefanum í Rífi á Snæfellsnesi frá upphafi hans, en einnig öðrum sjálfstæðum hópum. Friðþjófur hefur hannað fyrir leikrit, söngleiki, samtímadans, ballet, brúðusýningar, ýmsa viðburði og einnig tiskuvikur í London, París og Milanó. Auk þess að hanna sviðslistasýningar starfar Friðþjófur sem ráðgjafi arkitekta við hönnun sviðslistahúsa og hefur sem slíkur komið að um fimmtíu



leikhúsum, óperuhúsum, klassískum tónlistarhúsum, íþróttaleikvöngum, söfnum, sérútbúnum sjónleikjahúsum, sviðslistarýmum utanhúss, ráðgjöf varðandi rekstur (án breytinga á byggingum) og fleira er varðar uppbyggingu, rekstur og tækifæri varðandi sviðslistir um allan heim. Þá starfar hann ennfreður sem kennari við alla helstu sviðslistaskóla í Bretlandi. Meðal nýlegra verka Friðþjófs má nefna The Intelligence Park (Music Theatre Wales & Royal Opera House), Kamellíufrúin (Shanghai Ballettinn), Hades town (The Royal National Theatre – meðhönnuður), Ókunnugur (Frystiklefinn) o.fl. Sökum heimsfaraldurs er Friðþjófur nú á Íslandi og á því láni að fagna að starfa nú með Leikfélagi Akureyrar og á framundan nýjustu uppsetningu Frystiklefans, DNA, frumflutnings Fimbulveturs á verki Elísabetar Jökulsdóttur, Blóðuga Kanínan, uppsetningu Óperudaga á Fidelio, uppsetningu Hringleiks á fjölleikhúsverkinu Allra veðra von og fleiri.

Hljóðmynd

Árni Sigurðsson

Árni F. Sigurðsson hljóðhönnuður hefur starfað hjá Menningarfélag Akureyrar síðan 2016. Hann hefur síðan þá séð um hljóðhönnun á flestum uppsetningum Leikfélags MA og Leikfélags VMA sem hafa verið í Samkomuhúsinu og Hofi auk þess að aðstoða við hljóðhönnun á sýningum Leikfélags Akureyrar. Benedikt Búálfur er fyrsta sýningin á vegum Leikfélagsins sem Árni hljóðhannar. Fyrir utan leikhússið hefur hann mikla reynslu af ýmsum hljóðtæknistörfum og hefur starfað sem við marga stærstu viðburði landsins undanfarin ár ásamt því að hafa tryggt sér fast sæti sem hljóðmaður á Hróarskelduhátiðinni í Danmörku. Árni er einnig aðal upptökustjóri SinfoniaNord verkefnisins sem sinnir upptökum á kvikmyndatónlist fyrir alþjóðamarkað.



LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

	Höfundur	Ólafur Gunnar Guðlaugsson
	Höfundur tónlistar og tónlistarstjórn	Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
	Leikgerð	Karl Ágúst Úlfsson og Ólafur Gunnar Guðlaugsson
	Söngtextar	Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson
	Leikstjórn	Vala Fannell
	Danshreyfingar	Lee Proud
	Leikmynd og búningar	Auður Ösp Guðmundsdóttir
	Ljósahönnun	Friðþjófur Þorsteinsson
	Hljóðmynd	Árni Sigurðsson
	Sýningarstjórn	Þórunn Geirsdóttir
	Aðstoðarsýningarstjóri og umsjónarmaður dansstelpna	Unnur Anna Árnadóttir
	Hár og gervi	Harpa Birgisdóttir, Heiðdís Óladóttir Austfjörð
	Brúðugerðarmeistari	Greta Clough
	Umsjónarmaður sviðs og búninga	Jasmina Wojtyla
	Smíði leikmyndar	Hreiðarssynir, Magnús Viðar Arnarsson, Lárus Heiðar Sveinsson og Ólafur Ingi Sigurðsson
	Leikmyndavinna	Magnús Viðar Arnarsson, Ólafur Ingi Sigurðsson, Lárus Heiðar Sveinsson, Jasmina Wojtyla og Nanna Guðmundsdóttir
	Keyrsla hljóðs og ljósa á sýningum	Árni Sigurðsson og Guðrún Veturliðadóttir
	Klæðskeri búninga	Kristín Þöll Þórsdóttir
	Aðstoð við búninga	Björg Marta Gunnarsdóttir, Nanna Guðmunds
	Aðstoð við hár og smink	Arney Ágústsdóttir
	Drekatemjari	Nanna Guðmundsdóttir
	Trjáhvíslari	Jasmina Wojtyla
	Myndataka	Auðunn Níelsson







HLJÓMSVEITIN

1. fiðla

Greta Salóme Stefánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Olga Ólafsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Zbignew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Marcin Lazarz
Ólöf Þorvarðardóttir
Sigrún Harðardóttir
Zsuzsanna Bitay

Sérstakar þakkir:

Hælið
Klemenzen Jónsson
P. Eyfeld
Skósmiðurinn og álfarnir

2. fiðla

Joaquin Páll Palomares
Guðbjartur Hákonarson
Margrét Þorsteinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Gunnhildur Daðadóttir
Matthías Stefánsson
Justyna Bidler
Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir

Víóla

Svava Bernharðsdóttir
Þórunn Marinósdóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Eydís Úlfarsdóttir

Selló

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Guðný Jónasardóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Helga B. Ágústssdóttir

Bassi

Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Úlfar Haraldsson

Flauta: Una Björg Hjartardóttir

Clarinet: Phillip Doyle

Trompet: Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

Franskt horn: Kjartan Ólafsson og

Helgi Svavarsson

Básúna: Carlos Caro Aguilera

Harpa: Elísabet Waage

Hrynband:

Gítar: Kristján Edelstein

Trommur: Einar Scheving

Píanó: Kjartan Valdemarsson

Upptökumenn undirspils

Árni Sigurðsson og
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Hljóðritað í Sólheimum, Höfi

Útsetning tónlistar:

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Viðbót við útsetningar:

Kjartan Valdemarsson.

Viðbót við útsetningar:

Finnur Sigurjón Sveinbjarnarson
(Ég bæti og breyti)
Birna Eyfjörð Þorsteinsdóttir
(Dreki í ham)





TEXTAR

Úr heimi í heim

Komdu nú með inn í álfanna heim
Þar sem ekkert er eins og það sýnist
Þar takast á öflin úr veröldum tveim
Og einn lítill tannálfur týnist

Og við svífum úr heimi í heim
Ekkert fær okkur nú stöðvað
Við svífum úr heimi í heim
Viltu' ekki koma með mér?

Ferðumst á snjóhvítum svan yfir fjöll
Og syngjum um það sem við sjáum
Berjumst við dreka og dökkálfa' og tröll
Sem dveljast í hellinum háum

Og við svífum úr heimi í heim
Ekkert fær okkur nú stöðvað
Við svífum úr heimi í heim
Viltu' ekki koma með mér?

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Líttu inn í ljóssins heima

Álfar:
Líttu inn í ljóssins heima
Láttu þig um álfa dreyma
Dagurinn í dag er alltaf nýr
Og ljúflingar af lotningu
Hér lúta kóngi' og drottningu
Einmitt þar sem ævintýrið býr

Hér hjá okkur lifir ljósið
Litirnir og gleðin, hrósið
Vináttan á milli mín og þín
Glatt á hjalla' er oft hjá álfum
Aðalsteini kóngi sjálfum
Líkar best við dans og glens og grín

Aðalsteinn:
(Syngur)
Þið sjáið okkur samt í berki trjáanna
Sjaið okkur líka' í straumi áнна
Blómin bera líka ilm af okkur
Því álfar teljast sundurleitir flokkur

Og stundum birtumst við í gráu grjóti
Við getum birst ykkur með ýmsu móti
Skýin spegla okkur iðurlega
Því álfar geta verið alla vega

Álfar:
Við erum ljósálfar og léttálfar
Og ljúfálfar og sléttálfar
Búálfar og blómálfar
Og bjartálfar og hljómálfar

Aðalsteinn:
En brynhildur af öllum álfum ber
Svo ótrúlega djúpvitur hún er

Brynhildur:
En aðalsteinn með æðsta valdið fer
Hans aðalstákn er ljóshnötturinn hér

Álfar:
Þið sjáið okkur samt í berki trjáanna
Sjaið okkur líka' í straumi áнна
Blómin bera líka ilm af okkur
Því álfar teljast sundurleitir flokkur

Og stundum birtumst við í gráu grjóti
Við getum birst ykkur með ýmsu móti
Skýin spegla okkur iðurlega
Því álfar geta verið alla vega

Við erum ljósálfar og léttálfar
Og ljúfálfar og sléttálfar
Búálfar og blómálfar
Og bjartálfar og hljómálfar

Álfar
Hér hjá okkur lifir ljósið
Litirnir og gleðin, hrósið
Vináttan á milli mín og þín
Glatt á hjalla' er oft hjá álfum
Aðalsteini kóngi sjálfum
Líkar best við dans og glens og grín

(Texti: Karl Ágúst Úlfsson)

Tóti tannálfur

Góðan daginn, ég er Tóti tannálfur
Allir þekkja mig, því ég er ég sjálfur
Gimsteina ég passa í litlu hausunum
Á öllum litlu blómaálfabörnunum

Ég er sá sem gætir þess
Að enginn fái tannpínu og svei
Ég er sá sem gætir þess
Að tennur séu heilar, jibb og jei

Enn hefur enginn álfur fengið tannpínu
Til vara á ég nóg í minni tannskrínu
Gaman er að vera tóti tannálfur
Og geyma allar gersemarnar, ég sjálfur

Ég er sá sem gætir þess
Að enginn fái tannpínu og svei
Ég er sá sem gætir þess
Að tennur séu heilar

En það er svo spennandi að skoða þá
Gimsteina og smaragða í haug
Og vera viðbúinn ef liggur á
Að lækna tannapínudraug

En það er svo spennandi að skoða þá
Gimsteina og smaragða í haug
Og vera viðbúinn ef liggur á
Að lækna tannapínudraug

Enn hefur enginn álfur fengið tannpínu
Til vara á ég nóg í minni tannskrínu
Gaman er að vera tóti tannálfur
Og geyma allar gersemarnar, ég sjálfur

Ég er sá sem gætir þess
Að enginn fái tannpínu og svei
Ég er sá sem gætir þess
Að tennur séu heilar

En það er svo spennandi að skoða þá
Gimsteina og smaragða í haug
Og vera viðbúinn ef liggur á
Að lækna tannapínudraug

En það er svo spennandi að skoða þá
Gimsteina og smaragða í haug
Og vera viðbúinn ef liggur á
Að lækna tannapínudraug

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Viskurbrunnur 1

Brynhildur:
Viskurbrunnur visku ber
Vitrastur af öllum hér
Segðu frá og svara mér
Segðu mér hvar tóti er

Viskurbrunnur, veistu hvað
Voða hefur hrint af stað?
Ef þú getur aðstoðað
Ætlum við að biðja' um það

Viskurbrunnur:
Illskan hefur álfinn fangað
Í sitt ríki. Leiðin þangað
Liggur um fjöll og fagra velli
Fangi er hann í dimmum helli.

Brynhildur:
Ég er hrædd um það, Benedikt. Hlustaðu.

(Syngur)
Viskurbrunnur veittu mér
Vörn og ráð, ég treysti þér
Seg mér rétta svarið hér
Segðu hvað til ráða er

(Texti: Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson)

Litahellirinn

Dídí:
(Syngur)
Benedikt
Hvers vegna líð ég svo létt
Laus í loftinu?

Benedikt:
Þetta er staðurinn minn
Milli heimanna
Dálítið eins og draumarnir

Dídí:
Hvernig eins og draumarnir?

Benedikt:
Sjáðu nú
Hvorki kerti né ljós
Lýsa leiðina

Dídí:
Samt er bjartara
En sólríkum degi á

Benedikt:
Já, þetta er hellirinn

Dídí:
Er þetta litahellirinn?
Bæði:
Mér finnst ég vera frjáls
Sem fugl í loftinu
Og við erum ei hrædd

Dídí:
Ég er óttalaus

Dídí:
Ó, vá! Hvað er þetta? Og þetta?

Benedikt:
Þetta sem þú sérð eru spegilmyndir úr báðum
heimum. Við erum núna stödd mitt á milli álf-
heima og mannheima.

Benedikt:
Dídí mín
Sjáðu litina glitra á veggjunum

Dídí:
Furðuverur
Og fólk inni í veggjunum
Eins og í draumunum

Benedikt:
Eins og í draumunum

Bæði:
Mér finnst ég vera frjáls
Sem fugl í loftinu
Og við erum ei hrædd
Og við erum ei hrædd
Nei

Dídí:
Ég er óttalaus

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Jósafat mannahrellir

Jósafat:
Hvað ert þú að gera hér?
Hélstu kannski að þú værir í Las Vegas?

Dídí:
Vegas?

Jósafat:
Léstu ljósin gabba þig
Eins og sumir sem eru ekki lengur hér?

Hvernig fannstu innganginn?
Var það einhver sem var að klaga?

Dídí:
Klaga?

Jósafat:
Hélstu' þetta væru sumarbúðir
Fyrir óþekka krakka eins og þig?

Dídí:
Ekki vera reiður, ég er voða stillt
Ég kom hingað með honum Benedikt
Hann bauð mér að koma og vera hérna í dag
En eins og þú sérð er hann horfinn burt

Jósafat:
Hypjaðu þig burt og komdu ekki meir
Láttu engan heyra það sem þú hefur séð
Snúðu nú við og komdu þér heim
Ellegar banka ég í hausinn þinn

Hver ert þú og hvað vilt þú?
Er ekki allt í lagi heima hjá þér?

Dídí:
Hjá mér?

Jósafat:
Var það kannski hún mamma þin
Sem að henti þér út og sagði bless?

Hvenær ferðu heim til þín?
Ætlarðu að vera hér í marga daga?

Dídí:
Daga?

Jósafat:
Heldurðu kannski, engillinn
Að ég éti ekki krakka eins og þig?

Dídí:
Ekki vera reiður, ég er voða stillt
Ég kom hingað með honum Benedikt
Hann bauð mér að koma og vera hérna í dag
En eins og þú sérð er hann horfinn burt

Jósafat:
Hypjaðu þig burt og komdu ekki meir
Láttu engan heyra það sem þú hefur séð
Snúðu nú við og komdu þér heim
Ellegar banka ég í hausinn þinn

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Þessi aðalsteinn

Sölvar súri:

Hann er ópolandi hress og alltaf kátur
Hann er ömurlega glaður, hreinn og beinn
Hann er brosmildur og vænn og lítilátur
Þessi ljúflingur - já, þessi Aðalsteinn

Við vorum jafningjar og bestu bræður
Og betri vin ég átti varla neinn
Nú er ég oní helli', en hann sem ræður
Í hásetini - þessi Aðalsteinn

Segðu mér, myrkur
Segðu mér, þögn
Segið mér skuggar, á ég þetta skilið?
Dokaðu, tími
Dokaðu ögn
Dokið þið, nornir, sem á örlög álfa spilið
Því varð ég dökkálfur?
Því varð hann ljósálfur?
Því er ég hér
Því er hann þar
Þessi Aðalsteinn?

Ég þykist ekki neitt vita, en veit þó svarið
Ég veit það hvað ég öfundaði þig

Og á endanum var ljósið frá mér farið
Því það forðaðist að skína á þrjótinn mig

En hann fær enn að lifa í ljóssins ríki
Og ljóshnöttinn í höndum ber hann einn
En hér súrna ég í eigin öfundsýki
Í ógnardimmum helli - sjáðu, Aðalsteinn

Hlustaðu, myrkur
Hlustaðu, þögn
Hlustið þið skuggar á hvað ég hef að segja
Leggið við hlustir
Myrkranna mögn
Meðan hans veldi dvín og geislar ljóssins deyja stórsigur dökkálfa
Ósigur ljósálfa
Þá verð ég þar
Hann verður hér
Þessi Aðalsteinn

(Texti: Karl Ágúst Úlfsson)

Hæ, hó og dillidó

Syngjum hæ, hó og dillidó
Vei þeim sem verður á okkar vegi
Syngjum hæ, hó og dillidó
Samstillt og hugprúð syngjum við

Hér koma Daði dreki
Dídi og Benedikt

Syngjum hæ, hó og dillidó
Vei þeim sem verður á okkar vegi
Syngjum hæ, hó og dillidó
Samstillt og hugprúð syngjum við

Við ætlum að finna álfadrottningu
Og kóng

Við syngjum hæ, hó og dillidó
Vei þeim sem verða á okkar vegi
Syngjum hæ, hó og dillidó
Samstillt og hugprúð syngjum við

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Þvílík kvöl

Aðalsteinn:
Þvílík kvöl
Ég er á vonarvöl
Hjálp mér nú heilagir
Aldrei hef ég fundið fyrr
Sársauka svo svakalegan - óóó
Ó, þvílíkt böl

Þvílík kvöl
Ég er á vonarvöl
Hvað er það sem hrjáir mig
Hugrekkið að gefa sig?
Sársauki á hæsta stig - óóó
Ó, þvílíkt böl

Vei mér, þetta' er voðalegt
Verki hef ég aldrei þekkt
Veröldin er völt og skekkt - óóó
Óóóó - þvílíkt böl

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Viskubrunnur 2

Brynhildur:
Viskubrunnur visku ber
Vitrastur af öllum hér
Segðu frá og svara mér
Segðu mér hvar tóti er

Viskubrunnur vísa leið
Veittu hjálp í sárri neyð
Magna þú upp mikinn seið
Svo megi linna ringulreið

Viskubrunnur:
Álfakóngur illa er kvalinn
Af því tannálfur er falinn
Handan við fjöll og fagra velli
Fangi er hann í dimmum helli

Brynhildur:
Viskubrunnur veittu ráð
Var það rétt sem fyrr var spáð
Að illsku hafi sölvar sáð
Í sortuhelli tóta náð?

Viskubrunnur, veistu hver
Vogað þangað gæti sér?
Segðu frá því, segðu mér
Segðu mér hver hetjan er.

Viskubrunnur:
Álfar ljóssins aldrei mega
Að sér myrkrið svarta teygja.
Orð mín svona á að túlka:
Ykkar von er lítil stúlka.

(Texti: Andrea Gylfadóttir og Karl Ágúst Úlfsson)

Góða ferð

Brynhildur:
Nú kveð ég ykkur kæru vinir góðir
Með kossum mun ég varða ykkar leið
Og hugsanirnar álfa senda hljóðir
Svo hremmingar ei tefji sporin grið

Góða ferð, kæru vinir, góða ferð
Megi góðar vættir vakta ykkar ferð
Við traust okkar nú setjum öll
Á lítið mannabarn
Góða ferð, elsku Dídí, góða ferð

Dídí, hún er draumabarnið okkar
Því dökkálfum við getum ekki mætt
Geislandi hið góða fram hún lokkar
Með gleðibros á vör sem er svo sætt

Góða ferð, kæru vinir, góða ferð
Megi góðar vættir vakta ykkar ferð
Við traust okkar nú setjum öll
Á lítið mannabarn
Góða ferð, kæru vinir, góða ferð
Góða ferð

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Flautulagið

Dídí
Þú nærð mér nú aldrei
Ég hleyp miklu hraðar en þú

Benedikt:
Víst næ ég þér, Dídí

Dídí:
Ó, nei nei

Benedikt:
Ó, jú jú jú

Dídí:
Þetta er rosalega skemmtilegt, Benedikt
Þú ert besti vinur minn

Dú dú rú dú
Dú dú rú dú
Gettu hvað ég spila á
Þetta' er gátan þín

Benedikt:
Dú dú rú dú
Dú dú rú dú
Það er nú auðvelt að sjá
Flautu, góða mín

Nú kem ég og næ þér
Og kitla þig alveg í kross

Dídí:
Nei, hættu, nei, hættu
Ég gefst upp

Dídí:
Ertu vitlaus? Ég var næstu köfnuð.

Benedikt:
Æi, fyrirgefðu, þetta var bara leikur.

Dídí:
Ég veit. Ég hef bara aldrei áður átt svona góðan vin.

Dídí og benedikt:
Dú dú rú dú
Dú dú rú dú
Við spilum flauturnar á
Það er nú aldeilis
Dú dú rú dú
Dú dú rú dú
Nú vantar trommur að slá
Bomm po rom pom tiss

Brynhildur:
Gleymdu ekki, dídí
Hvert förinni heitið er
Því framtíð okkar allra
Er í höndum þér

Dídí og Benedikt:
Dú dú rú dú
Benni' og dídí
Saman með sönglög og fjör
Berja sér á brjóst
Dú dú rú dú
Trúðu því því
Að þetta er háskaleg för
Það er alveg ljóst

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Dreki í ham

Daði dreki:
Ó, ef ég væri hugaður
Og hetja kampakát
Ég verð bara svo bugaður
Og brest oftast í grát

Því vopnaskak er voðalegt
Menn verður að passa sig
Að fá skrámu á skráp er agalegt
Ég skal samt standa mig

Ég myndi spúa eldi á allt sem er kvikt
Ég myndi lauma frá mér lýsislykt
Kremja flugu og fisk úr kiló í gramm
Því enginn stöðvar dreka í ham

Dídí:
Ef ég á að vera alveg hreinskilin, þá er þetta ekkert
sérlega ógnvekjandi, daði minn. Þú getur örugglega
betur en þetta.

Benedikt:
Já, þú getur verið miklu hræðilegri.

Daði dreki:
Ó, ef ég væri óttalaus
Og ógnandi í sjón
Með eldspúandi drekahaus
Ég berðist eins og ljón - nei ég meina dreki.

Ég grimman svip mun sýna þeim
Og skylmast alla leið
Og baula á þá með breskum hreim
Og bjarga ykkur úr neyð

Ég ætla' að spúa eldi á óvinafjöld
Ég ætla' að nota bæði sverð mitt og skjöld
Og senda þá alla til amsterdam
Því enginn stöðvar dreka í ham

Benedikt og dídí:
Hann er skæður og slægur dreki í ham
Hann er skæður og slægur dreki í ham
Hann er skæður og slægur dreki í ham
Hann er skæður og slægur dreki í ham

Daði dreki:
Skæður, slægur og jafnvel heimsfrægur
Og enginn

Benedikt og Dídí:
Enginn!

Daði dreki:
Enginn

Benedikt og Dídí:
Enginn

Öll:
Enginn stöðvar dreka í ham

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Einn í búi

Tóti tannálfur:
Einn
Alveg einn
Í dimmum, köldum helli hýmir tóti
Einn
Ekki neinn
Kíkir á mig nema kallinn ljóti
Ó
Æ og ó
Að einhver vildi bjarga mér í hveli
Hó
Hæ og hó
Undan þessum fúla eltihrelli

Því inni í búi
Er ekki gott að vera
Ekkert hægt að gera
Annað en láta sér leiðast
Já, inni í búi
Grætur litill gutti
Gæinn mjói, stutti
Óttast hann muni meiðast
Vill bara vægðar beiðast
Inni í búi
Æ, slepptu mér, sölvar súri

Hjálp
Vinir, hjálp
Þið verðið mér að bjarga burtu héðan
Hér

Ég er hér
Og álfatennur ónýtast á meðan
Út
Ég vil út
Út í daginn, birtuna og blómin
Óp
Öll mín óp
Enginn heyrir þótt ég brýni róminn

Því inni í búi
Er bara þögn og dimma
Hér hjá þessum krimma
Ekkert að sjá né skynja
Já, inni í búi
Er ég svo litill í mér
Og sama hvert ég sný mér
Verð bara' að væla og stynja
Er ógnir á mér dynja
Inni í búi
Æ, slepptu mér, sölvar súri
Æ, slepptu mér
Slepptu mér
Slepptu mér
Sölvar súri

(Texti: Karl Ágúst Úlfsson)

Stríð

Aðalsteinn:
Nú skal ég sýn'onum
Hver stærstur er í álfheimum
Nú geng ég alveg frá'onum
Þetta þýðir stríð
Já, stríð - ég sagði stríð

Færið mér herklæði
Það er runnið á mig brjálæði
Nú dökkálfana ég hræði
Og við förum í stríð í stríð
Já, stríð - ég sagði stríð

Já, nú kem ég, þú sölvar súra grey
Ég fengið hef nóg
Þú vesæla hró
Ekkert fær mig stöðvað nú
Hvorki þeir né þú

Alveg ópolandi
Allt er í þeim morandi
Engum lengur treystandi
Þetta þýðir stríð
Já, stríð - ég sagði stríð

Já, nú kem ég, þú sölvar súra grey
Ég fengið hef nóg
Þú vesæla hró
Ekkert fær mig stöðvað nú
Hvorki þeir né þú

Brynhildur:
Aðalsteinn
Stoppaðu nú
Þetta er glapræði og hættulegt
Ekki gleyma að sölvar er stór
Í sínum sortuhelli

Jósafat:
Aðalsteinn
Láttu vaða
Þinn sigur er vís

Brynhildur:
Hlustaðu á mig

Jósafat:
Aaaaa.

Aðalsteinn:
Já, nú kem ég, þú sölvar súra grey
Ég fengið hef nóg
Þú vesæla hró
Ekkert fær mig stöðvað nú
Hvorki þeir né þú

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Sölvar súri

Sölvar súri:

Ég er súr sem söl

Ég er álfa bö

Ég kem innan frá

Vil þína sálu fá

Ég er fúll sem flag

Hugsa um eigin hag

Það er ég sem ræð

Og mín stjórn er skæð

Ég kynnt hefi mína kosti

Því kyndil ills ég ber

Ég lofsyng mína lesti

Sem leynast inni í mér

Ég er súr sem söl

Ég er allra kvöl

Ég er skömmin sjálf

Þér breyti í dökkan álf

Ég vil eiga allan heiminn

Já, og allan geiminn

Þetta er göfug sýn

Og ég er algjört svín

Ég er súr sem söl

Ég er álfa bö

Ég kem innan frá

Vil þína sálu fá

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Öll ljóssins öfl

Brynhildur:

Öll ljóssins öfl

Ykkur biðjum við

Öll ljóssins öfl

Leggið okkur lið

Komið nú vættir, vættir

Komið þið andar, andar

Komið þið álfaættir

Áður en myrkrið grandar

Álfheimaljóssins loga

Látið það ekki saga

Aflið úr álfakóngi

Úr aðalsteini álfakóngi

Benedikt:

Ljóssins öfl, ég ykkur bið

Öll að veita kóngi lið

Komið hingað, komið þið

Til að tryggja frið

Ljóssins öfl um loft og láð

Ljáið okkur styrk og dáð

Við kunnu engin önnur ráð

Því ægilegt hér stríð er háð

Brynhildur:

Komið nú vættir, vættir

Komið þið andar, andar

Komið þið álfaættir

Áður en myrkrið grandar

Álfheimaljóssins loga

Látið það ekki saga

Aflið úr álfakóngi

Úr Aðalsteini álfakóngi

(Texti: Karl Ágúst Úlfsson)

Ég bæti og breyti

Dídi:

Ég bæti og breyti
Því sem miður fer
Nota ljósið í huganum
Og allt sem fagurt er

Já, ég hugsa um allt
Sem er gott inni í mér
Og þá birtir í kringum mig
Og hræðslan horfin er

Sölvar súri:

Hvað er um að vera? Hættu þessu gauli,
stelpa!

Dídi:

Því eitt sinn er ég hræddist
Þá sagði' hún mamma mín:
„Lokaðu nú, Dídi, augunum
Hugsaðu um ljósið
Og allt sem fallegt er
Þá finnurðu friðinn í þér.“

Brynhildur:

Sjáiði bara! Ljósið er að koma til baka!

Aðalsteinn:

Já!

Benedikt:

Áfram, Dídi! Áfram, Dídi!

Dídi:

Ég loka þá augunum
Læt hugann sjá
Þá sem elska í heiminum
Og ég vil vera hjá

Núna hef ég og geymi
Það ljós inni' í mér
Sem að gaf mér hún mamma mín
Og hræðslan horfin er

(Texti: Andrea Gylfadóttir)

Lokasöngur

Allir:

Þið sjáið okkur samt í berki trjána
Sjáið okkur líka' í straumi ána
Blómin bera líka ilm af okkur
Því álfar teljast sundurleitur flokkur

Og stundum birtumst við í gráu grjóti
Við getum birst ykkur með ýmsu móti
Skýin spegla okkur iðurlega
Því álfar geta verið alla vega

Við erum ljósálfar og léttálfar
Og ljúfálfar og sléttálfar
Búálfar og blómálfar
Og bjartálfar og hljómálfar

Og nú er úti þetta ævintýr
Og aftur rís úr hafi dagur nýr
En hugurinn á hugarflugi snýr
Til heimsins þar sem ævintýrið býr

Þið sjáið okkur samt í berki trjána
Sjáið okkur líka' í straumi ána
Blómin bera líka ilm af okkur
Því álfar teljast sundurleitur flokkur

Og stundum birtumst við í gráu grjóti
Við getum birst ykkur með ýmsu móti
Skýin spegla okkur iðurlega
Því álfar geta verið alla vega

(Texti: Karl Ágúst Úlfsson)



ÁRNI BEINTEINN
ÁRNASON

BIRNA
PÉTURSDÓTTIR

VILHJÁLMUR B
BRAGASON

MIÐASALA Á MAK.IS

